

SSB AA-100 talstöð smíðuð hjá Landsímanum.

Þegar ákveðið var að breyta talstöðvum frá því að vera AM mótaðar yfir í SSB mótaðar talstöðvar fyrir bíla á 2790 kHz árið 1972 með 10 ára aðlögunartíma.

Lítið úrval var þá til í heiminum af heppilegum litlum talstöðvum SSB mótaðar. Japanir framleiddu talstöðvar sem ekki stóðust kröfur í Evrópu, önnur yfirsveifla þeirra var aðeins með 60 db deyfingu en þurfti að vera með 80 db deyfingu fyrir Evrópumarkað.

Landsíminn Íslands (P&S) fór því að hanna stöð, en hún þurfti að bera bæði með AM og SSB því breytingin kom til að standa yfir í 10 ár áður en AM mótuð samskipti hættu alveg.

Ólafur Indriðason verkfræðingur hjá P&S stóð fyrir hönnun og smíði talstöðvar sem fékk nafnið AA-100 og var smíðuð í tvennu lagi til að auðvelda frágang sérstaklega fyrir bíla. Stöðin sjálf var í einum stærri kassa, stjórnborð í minni kassa og hátalarinn sér. Sver 20 víra kapall var síðan milli þeirra. Smíðaðar voru rúmlega 50 stöðvar. Ekki er alveg vitað nákvæmlega hversu margar þær voru því gögn um það eru glötuð.

1982 er alveg skipt yfir í SSB mótun hjá Loftskæptastöðinni í Gufunesi sem þjónaði bílabylgjuna 2790 sem uppkall og seinna semidublex 2761/2854 kHz fyrir símtöl. Um þetta leiti voru að koma einnig á markað frá erlendum framleiðendum heppilegar stöðvar fyrir bíla.

Jan. 2020

Sig.Harðarson

Rafeindavirki